

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/952****2023/EES/83/12****frá 12. maí 2023****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir
reykbragðefnið „Tradismoke™ A MAX“ á forstigi framleiðslu (einkvæmur kóði SF-007) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2065/2003 frá 10. nóvember 2003 um reykbragðefni sem eru notuð eða eru ætluð til notkunar í eða á matvælum ⁽¹⁾, einkum 11. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Hinn 17. mars 2022 var umsókn lögð fram fyrir hönd Nactis (hér á eftir nefnt umsækjandinn) í samræmi við 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 2065/2003 með beiðni um að breyta nafni leyfishafans fyrir reykbragðefnið „Tradismoke™ A MAX“ á forstigi framleiðslu sem er skráð í töflunni í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2013 ⁽²⁾.
- 2) Í umsókninni lýsti umsækjandinn því yfir að framselja ætti leyfið fyrir reykbragðefninu „Tradismoke™ A MAX“ á forstigi framleiðslu til JRS, J. Rettenmaier & Söhne GmbH & Co. KG. Til stuðnings þeirri yfirlýsingu lagði umsækjandinn fram sönnunargögn um samþykki aðila fyrir framsalinu að því er varðar reykbragðefnið „Tradismoke™ A MAX“ á forstigi framleiðslu.
- 3) Tillögð breyting á leyfishafa er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur því ekki í sér nýtt mat á viðkomandi vöru.
- 4) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 til samræmis við það.
- 5) Til að tryggja snurðulaus umskipti er viðeigandi að kveða á um að halda megi áfram að setja á markað og nota reykbragðefnið „Tradismoke™ A MAX“ á forstigi framleiðslu, reykbragðefni unnin úr því og matvæli sem innihalda reykbragðefnið á forstigi framleiðslu eða reykbragðefni unnin úr því, sem uppfylla reglurnar sem gilda fyrir gildistökdag þessarar reglugerðar, þar til fyrirliggjandi birgðir eru uppurar.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013**

Í töflunni í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 er færslunni um reykbragðefnið „Tradismoke™ A MAX“ á forstigi framleiðslu (einkvæmur kóði SF-007) breytt sem hér segir:

- 1) Í þriðju línu, „nafn leyfishafa“ koma orðin „JRS, J. Rettenmaier & Söhne GmbH & Co. KG“ í stað orðsins „Nactis“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 128, 15.5.2023, bls. 79. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 224/2023 frá 22. September 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 26.11.2003, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2013 frá 10. desember 2013 um skrá Sambandsins yfir leyfið reykbragðefni á forstigi framleiðslu, til notkunar sem slík í eða á matvæli og/eða til framleiðslu á afleiddum reykbragðefnum (Stjtið. ESB L 333, 12.12.2013, bls. 54.).

- 2) Í fjórðu línu, „heimilisfang leyfishafa“ koma orðin „Holzmühle 1, 73494 Rosenberg, ÞÝSKALAND“ í stað orðanna „36, rue Gutenberg – ZI La Marinière, 91070 Bondoufle, FRAKKLAND“.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Halda má áfram að setja á markað og nota reykbragðefnið „Tradismoke™ A MAX“ á forstigi framleiðslu, sem er skráð í töflunni í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013, reykbragðefni unnin úr því og matvæli sem innihalda reykbragðefnið á forstigi framleiðslu eða reykbragðefni sem eru unnin úr því, sem eru framleidd og merkt fyrir 4. júní 2023 í samræmi við reglurnar sem gilda fyrir 4. júní 2023, þar til fyrirbyggjandi birgðir eru uppnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.